

Faghópur um vefstjórnun - skýrsla stjórnar 2012-2013

Faghópur Ský um vefstjórnun tók aftur formlega til starfa 15. maí 2012 eftir að hafa legið í dvala um nokkurt skeið. Megin þunginn í starfi hans felst í því að standa fyrir viðburðum um vefstjórnun.

Í stjórn faghópsins 2012-2013 eru:

Sigurjón Ólafsson, Íslandsbanka
Einar H. Reynis, Símanum
Ágúst Valgeirsson, 365
Kjartan Sverrisson, Guitarparty.com
Díana Dögg Víglundsdóttir, Háskóla Íslands
Már Örlygsson, Hugsmiðjan
Heiða Gunnarsdóttir, Advania

Á fyrsta fundi sínum kaus stjórnin Sigurjón Ólafsson sem formann hópsins.

Við lögðum strax upp með að halda hádegisfund um haustið til að koma starfseminni í gang. Viðburðurinn var haldinn 29. ágúst á Grand hótél með yfirskriftinni Haustvítamín fyrir vefstjórnendur. Þar var breiður hópur fyrirlesara með 15-20 mínútna erindi um aðgengismál, vefhönnun, markaðsmál, skrif og efnisstjórnun. Fjölmennt var á fundinum sem þótti takast býsna vel.

Við efndum til tveggja örkynninga fyrir áramót. Önnur var um innri vefi þar sem við spurðum “Er til forskrift að góðum innri vefi?”. Sá fundur var haldin 30. október og var þéttskipað í húsnæði félagsins. Þarna voru haldin þrjú stutt erindi og góðar umræður fylgdu í kjölfarið. Þetta form er að okkar mati mjög hentugt, það skapast betri nánd en á stærri viðburðum og meiri umræður.

Loks var efnt til fundar um samfélagsmiðla þann 27. nóvember með sama sniði þ.e. í formi örkynninga. Haldnar voru þrjár stuttar og hnitmiðaðar örkynningar um samfélagsmiðla, notkun þeirra í fyrirtækjum, samspili við vef og markaðssetningu. Mæting á þennan viðburð var heldur lakari en á hina. Megin ástæðan líklega sú að við fórum of seint með að skipuleggja dagskrána. Engu að síður varð gerður góður rómur að fundinum og fínar umræður.

Í framhaldi af þessum örkynningum hefur undirritaður tekið saman efni fundanna í greinum sem birtar hafa verið á funksjon.net. Önnur greinin birtist jafnframt í vefútgáfu Tölvumála. Áformað er að gera þetta að reglu varðandi alla viðburði á vegum faghópsins.

Stjórnin hefur fundað reglulega á síðustu mánuðum til að skipuleggja starfið. Þrjú viðburðir eru áformaðir á næstu mánuðum. Hádegisfundur um notendaprófanir verður haldinn 13. mars, örkynningar um starf vefstjórnans þann 16. apríl og loks verður rýnt í vefgreiningartól á borð við Google Analytics þann 16. maí.

Engar breytingar eru áformaðar á stjórn faghópsins fyrir næsta starfsár.

Fyrir hönd stjórnar
Sigurjón Ólafsson